

Minnisblað

# Ábatamat Samkeppniseftirlitsins 2023

Jón Þór Sturluson

27. maí 2024

Á síðasta ári fól Samkeppniseftirlitið (SKE) mér að yfirfara aðferðarfræði, útreikninga og val á forsendum við mat stofnunarinnar á ábata vegn íhlutunar SE á tímabilinu 2013 til 2022. Annars vegar skoðaði ég ítarlega mat SKE á þeim 11 málum sem skiluðu hæstum reiknuðum ábata og hins vegar 11 mál sem ég valdi af handahófi. Málin spönnuðu ágætlega þá breidd sem er að finna í íhlutunum stofnunarinnar, en í úrtakinu voru mál er vörðuðu 10., 11., 12. og 17. greinar samkeppnislaga.

Niðurstaða mín var sú að niðurstöður SKE var í fullu samræmi við aðferðarfræði sem OECD hefur mælt með og einhverjum tilvillum nánar útfærðri aðferðarfræði framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem leiðir til varfærnari niðurstöðu. Minnisblað um niðurstöður þeirrar skoðunar var afhent SE þann 21. desember 2023.

Samkeppniseftirlitið hefur nú falið mér að skoða til viðbótar þau mál sem lokið var á árinu 2023 og leiða til ábata fyrir neytendur að mati SKE. Sex ákvarðanir SKE frá árinu 2023 komu til skoðunar með málsnúmerin 1, 16, 28, 30, 33 og 42. Aðeins í einu tilvikum, máli 16/2023 sem varðar kaup Aridan á Mílu, komu upp álitamál um kröfðust nánari skoðunar. Að mínu áliti er hér um að ræða óvenjulegt og flókið mál sem fellur illa að viðmiðum OECD. Að mínu áliti væri æskilegra að lagt væri sjálfstætt mat á helstu forsendur áhrifamatsins í málum sem þessu. Val SE á forsendum í þessu tiltekna máli er þó einkar varfærið og meiri líkur á að leiði til vanmats á áhrifum ákvörðunarinnar.

Á heldina litið tel ég því að mat SKE á ábata vegna ákvarðan þess á árinu 2023 sé í fullu samræmi við skigreinda aðferðarfræði sem byggir á leiðbeiningum OECD, nema í einu tilvikum þar sem varfærnu mati er engu að síður beitt.

Vert er að hafa í huga að undirliggjandi aðferðarfræði OECD er ekki gallalaus. Einstök samkeppnismál eru mjög mismunandi og því talsverð ónákvæmi að miða reikniforsendur við fáeina flokka mála. Eins geta komið upp álitamál við val á veltuviðmiði, út frá viðeigandi markaðsskilgreiningu. Forsendurnar miða þó við rannsóknir á einstökum málum og ekkert bendir til þess að um bjaga sé að ræða þegar á heildina er litið. Einnig er aðferðarfræðin háð þeim annmarka að hún tekur ekki tillit til fælingaráhrifa af íhlutunum SE eða áhrifum af leiðbeiningu og óformlegum samskiptum. Á heildina litið má því búast við að um nokkuð vanmat á heildaráhrifum íhlutana SE sé að ræða. Niðurstaða SE byggir hins vegar á varfærnu mati sem hægt er að heimfæra með skýrri tilvísun til einstakra ákvarðana með viðurkenndri aðferðarfræði.

dr. Jón Þór Sturluson

Dósent við Háskólann í Reykjavík